



23. febrúar 2022

Tilvísun: 2202142

Númer: 9/2022

Dreifibréf til verðbréfamiðstöðva

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um skýrslugjöf verðbréfamiðstöðva til lögbærra yfirvalda um fjölda uppgjörsbresta og einkenni þeirra

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um skýrslugjöf verðbréfamiðstöðva til lögbærra yfirvalda um fjölda uppgjörsbresta og einkenni þeirra (ESMA70-156-4717), skv. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR). Reglugerðin er innleidd í íslensk lög með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Viðmiðunarreglurnar fjalla um mánaðarlega skýrslugjöf verðbréfamiðstöðva til lögbærra yfirvalda um fjölda uppgjörsbresta og einkenni þeirra. Í þeim kemur fram hvaða upplýsingar á að setja fram í skýrslunum, hvernig verðmeta skuli þá fjármálagerninga sem um ræðir og hvernig meta skuli ástæður uppgjörsbrests. Þar að auki veita viðmiðunarreglurnar leiðbeiningar um hvernig meta skuli hvort þátttakandi í verðbréfamiðstöð sé stöðugt og kerfisbundið að valda uppgjörsbrestum.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.


Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfamiðstöðva að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Páll Friðriksson
Framkvæmdastjóri
Markaðir og viðskiptahættir



Hörður Tulinius
Sérfræðingur í markaðsgreiningu
Markaðir og viðskiptahættir

SEÐLABANKI ÍSLANDS

